

Efins um lögbundna launavottun

Félagar í Félagi atvinnurekenda telja að lögbundin jafnlaunavottun geti stuðlað að launajafnrétti, en að kostnaðurinn við slíka vottun geti vegið jafnpungt og ábatinn.

BJARNI ÓLAFSSON
bjarni@vb.is

Félagsmenn í Félagi atvinnurekenda eru flestir á þeirri skoðun að lögbundin jafnlaunavottun muni stuðla að auknu launajafnrétti, en afstaðan er engan veginn eins afgerandi þegar kemur að þeirri spurningu hvort þeir telji ávinninginn af slíkri vottun meiri en kostnaðinn fyrir sitt fyrirtæki. Er þetta meðal niðurstaðna í könnun, sem gerð var meðal félagsmanna í FA.

Þátttakendur í könnuninni voru beðnir að taka afstöðu til tveggja fullyrðinga. Annars vegar hvort lögbundin jafnlaunavottun myndi stuðla að auknu launajafnrétti og hins vegar hvort slík vottun hefði í för með sér meiri ávinning en kostnað fyrir viðkomandi fyrirtæki. Hvað varðar fyrri spurninguna töldu 52% þátttakenda að vottunin myndi leiða til meira launajafnréttis, en aðeins 13% töldu svo ekki verða. Munurinn er öllu minni hvað varðar síðari fullyrðinguna. Um 24% telja ávinninginn meiri en kostnaðinn, en um 23% telja kostnaðinn hins vegar yfirgnæfa ávinninginn. 53% adspurðra telja ávinning og kostnað vega hvorn annan upp.

Könnunin var gerð dagana 18.-24. janúar. Hún var send til forsvarsmanna 152 fyrirtækja með beina félagssaðild og svörðuðu 77, eða 50,6%.



„Það væri edlilegra að mínu mati að leyfa þessu ferli að fara alla leið áður en ríkisvaldið fellir þann dóm að tilraunin hafi mistekist,“ segir Ólafur Stephensen um jafnlaunavottun.

VB MYND/HAG

„Við gerum alltaf árlega könnun meðal félagsmanna og bætum við spurningum sem varða það sem er efst á baugi,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda. „Niðurstöðurnar koma þannig séð ekki á óvart. Ég er ekki hissa á því að margir sjái gildi í þessari jafnlaunavottun fyrir framgang jafnréttis. Svörin við seinni full-

yrðingunni sýna aftur á móti að fólk gerir sér grein fyrir því að þessu fylgir kostnaður.“

Ólafur segir að nokkur aðildarfyrirtæki FA hafi farið í gegnum þessa vottunavinnu og að niðurstaðan sé sú að ávinningurinn sé meiri en kostnaður. „Þetta kallar hins vegar á mjög mikla vinnu. Það þarf til dæmis að greina allan launastrúktúr

Faggildingarmál í miklum ólestri

Ólafur segir einnig að hið opinbera þurfi að taka til í sínum ranni áður en hægt er að fara af stað með þessa vinnu. „Ýmis skjöl og ferlar sem fylgja staðlinum eru varla tilbúin og hafa ekki verið löguð nægilega vel að íslenskum fyrirtækjum. Þá eru faggildingarmál í miklum ólestri á Íslandi. Það má heyrir undir nýjan ferðamála-, nýsköpunar- og iðnaðarráðherra, en vandinn er að vottunarfostur, sem eiga að sjá um jafnlaunavottunina, eru í vandræðum með að fá faggildinguna á skynsamlegu verði. Það skortir þekkingu hjá Einkaleyfastofu til að veita vottunarfostunum faggildinguna, þannig að þær hafa verið að sækja þetta erlendis frá, en það felur í sér mun meiri kostnað en ella. Það hefur ekkert verið gert í þessu og þetta verður að leysa ætli menn að koma þessari jafnlaunavottun á koppinn.“

að það setji þetta málefni í sama flokk og eftirlit og skatta – kvadir en ekki tækifæri.“

Ólafur ítrekar að kostnaðurinn við þessa vinnu sé mikill. „Kostnaðurinn er augljóslega umtalsverður. Jafnlaunavottunin virkar þannig að þú þarft að fá vottunaraðila til að fara yfir þína vinnu og það kostar um hálfja milljón króna. Þessi kostnaður er hins vegar bara toppurinn á ísjakanum. Mörg fyrirtæki með kannski 25-100 starfsmenn eru ekki með neinn mannaútsjóra og vandséð hver á að fara í þá miklu vinnu, sem jafnlaunavottunin útheimtir, til viðbótar við þann kostnað sem þarf að greiða vegna vinnu vottunarfostu. Þetta þýðir mikið aukaálag á stjórnendur. Fyrirtæki sem eru í örur vexti og hafa ekki miklar áhyggjur af starfslýsingum og ferlum þurfa að fara í gegnum alls konar vinnu, sem þau eru ekki von og getur það breytt í grundvallaratriðum menningu þessara fyrirtækja.

Eins getur þetta búið til neikvæða hvata fyrir fyrirtæki í vexti. Þetta getur fælt fyrirtæki frá því að ráða 25. starfsmanninn, því hann verður mun dýrari fyrir fyrirtækið vegna vottunarkröfunnar. Þá vaknar sú spurning hvort velferðarráðuneytið muni veita fyrirtækjum einhvern stuðning eða ráðgjöf til að létta þeim þessa vinnu – fyrst ríkið ætlar að gera þennan kostnað að kvöð.“

52%

TELJA AÐ LÖGBUNDIN

jafnlaunavottun muni leiða til meira launajafnréttis.

viðkomandi fyrirtækis og það er meira en að segja það. Þetta hafa fyrirtækin verið að gera að eigin frumkvæði.“

Kvöð eða tækifæri

Ólafur segist efins um ágæti þess að lögfesta þessa kvöð á fyrirtæki. „Það er ekki eins og atvinnulífið hafi ekki sýnt þessum málum áhuga. Mörg fyrirtæki hafa hafið vinnuna og sum eru mjög langt komin í ferlinu. Það væri edlilegra að mínu mati að leyfa þessu ferli að fara alla leið áður en ríkisvaldið fellir þann dóm að tilraunin hafi mistekist.“ Hann segist einnig hafa áhyggjur af því að viðhorf til jafnréttismála muni breytast til hins verra við það að lögfesta jafnlaunavottun. „Þegar fólk þarf ekki að hugsa sjálft um þessi mál vegna þess að ríkið hefur tekið frumkvæðið er hætt við

Mun vottun auka launajafnrétti?

„Lögbundin jafnlaunavottun fyrir fyrirtæki með fleiri en 25 starfsmenn muni stuðla að auknu launajafnrétti.“



Aukinn kostnaður

„Jafnlaunavottun hefði í för með sér meiri ávinning en kostnað fyrir mitt fyrirtæki.“

